

STARFSMANNASTEFNA

SÝSLUMANNNSINS Í KÓPAVOGI

Starfsmannastefna sýslumannsins í Kópavogi er leiðarljós stjórnenda og starfsmanna embættisins.

Markmið starfsmannastefnunnar er:

- Að stuðla að því að embættið gegni sem best hlutverki sínu og að það uppfylli réttmætar væntingar um góða þjónustu og vandaða stjórnarsýslu.
- Að stuðla að hæfni, velgengni og vellíðan starfsmanna

Viðhorf og gildi.

- Sameiginlega vilja stjórnendur og aðrir starfsmenn leggja sitt af mörkum til þess að embættið verði fyrirmyndarvinnustaður þar sem starfsmenn mynda sterka liðsheild og hver starfsmaður er ánægður í starfi.
- Starfsmenn vilja stuðla að jákvæðum starfsanda innan embættisins.
- Starfsmenn gæta þess að framkoma og athafnir á vinnustað samrýmist starfi þeirra og gæta þess að aðhafast ekkert sem skaðað getur embættið út á við.
- Starfsmenn sýslumannsins í Kópavogi hafa valið að hafa að leiðarljósi eftirfarandi gildi í störfum sínum hjá embættinu, í samskiptum sínum við viðskiptavinum og í samskiptum sínum innbyrðis:

Fagmennska - Heiðarleiki - Samvinna - Þjónustulund

Ráðningar og upphaf starfs

- Val á nýjum starfsmönnum byggist á hlutlægu og faglegu mati á hæfni þeirra þar sem einkum er metin menntun og reynsla sem nýtist í starfi og hæfni til mannlegra samskipta.
- Nýju starfsfólki skal gert kleift að öðlast sem fyrst þekkingu á starfsemi og tryggð starfsþjálfun við hæfi.

Trúnaðar- og öryggisstefna.

- Starfsmenn gæta þagmælsku um atriði sem þeir komast að í starfi sínu í samræmi við reglur um þagnar-skyldu opinberra starfsmanna. Sama á við um starfsmenn sem látið hafa af störfum.
- Starfsmenn gæta fyllsta öryggis um vörslu gagna og upplýsinga í embættinu.
- Starfsmenn gæta þess að fylgja í hvítetna reglum um persónuvernd.

Jafnréttisstefna:

- Stuðlað skal að jafnri stöðu karla og kvenna í samræmi við lög nr. 96/2000.
- Konum og körlum skulu greidd sambærileg laun fyrir sambærileg störf.
- Hver einstaklingur er metinn og virtur að verðleikum á málefnalegum forsendum án tillits til kynferðis, aldurs, trúarskoðana, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða litarháttar.
- Í starfsauglýsingum eru störf ókyngreind.
- Við ráðningu eru jafnréttissjónarmið höfð til hliðsjónar ásamt öðrum mikilvægum sjónarmiðum.
- Leitast er við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma þarfir starfs- og fjölskylduábyrgðar.

Heilbrigðisstefna:

- Vinnustaður embættisins er reyklaus.
- Embættið vill tryggja góða vinnuástöðu og öryggi starfsmanna á vinnustað.
- Embættið og starfsmenn þess eru sammála um mikilvægi þess að efla heilsuvernd starfsmanna og eru sammála um að vinna sameiginlega að þessu markmiði

Þjónustustefna.

- Starfsmenn vilja veita viðskiptavinum eins góða þjónustu og kostur er.
- Starfsmenn vilja koma fram af hógværð og virðingu og sýna viðskiptavinum embættisins kurteisi og þjónustulund.
- Starfsmenn upplýsa viðskiptavinum um réttarstöðu þeirra í þeim málum sem þeir leita úrlausnar hjá embættinu og leiðréttar rangar hugmyndir sem þeir kunna að hafa um rétt sinn.
- Starfsmenn ræða ekki í áheyrn viðskiptavina um mál efni sem þeim eru óviðkomandi.

Fræðslustefna:

- Embættið gefur starfsmönnum kost á starfstengdri menntun og þjálfun til að gera þá hæfari til að sinna störfum sínum.
- Embættið mun standa fyrir fræðslunámskeiðum að því marki sem kostur er.
- Starfsmenn miðla þekkingu þeirri sem þeir hljóta við endurmenntun til annarra starfsmanna.
- Leitast er við að upplýsingastreymi sé gott innan embættisins.

Samskipti og samvinna

- Stjórnendur og starfsmenn vilja leitast við að vinna saman að lausn vandamála á jákvæðan og sanngjarnan hátt.
- Stjórnendur skulu svo oft sem þurfa þykir eiga starfsmannaviðtöl við starfsmenn þar sem rætt er um atriði sem skipta máli varðandi starfið.
- Starfsmenn sýna hverjum öðrum tillitsemi og standa gegn hvers konar einelti og áreitni.
- Starfsmenn hjálpast að við úrlausn verkefna eins og kostur er.

Starfsmannastefna þessi gildir gagnvart öllum starfsmönnum embættisins og skal hún endurskoðuð að fenginni reynslu.

Starfsmannastefna sem sett hefur verið af ríkislögreglustjóra og á að gilda fyrir öll lögregluembætti á landinu gildir fyrir lögregluna í Kópavogi samhliða þessari stefnu.

Starfsmannastefnan tekur gildi 1. janúar 2006.